



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

SVO MÆLTI ZARAFÚSTRA



18. JANÚAR 2018

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð timalengd verka:

Forleikur: 6'

Sellókonsert: 28'

Svo mælti Zarabústra: 33'

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en/sinfonia.is

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

FM 18 JAN 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

SVO MÆLTI ZARAPÚSTRA

David Danzmayr
hljómsveitarstjóri

Alban Gerhardt
einleikari

EFNISSKRÁ

Grażyna Bacewicz
Forleikur fyrir hljómsveit (1943)

Dmítríj Shostakovítsj
Sellókonsert nr. 1 í Es-dúr op. 107 (1959)
Allegretto
Moderato
Cadenza –
Allegro con moto

HÍÉ

Richard Strauss
Svo mælti Zarapústra, op. 30 (1896)
Einleitung, oder Sonnenaufgang (Inngangur, eða sólarupprás)
Von den Hinterweltlern (Af mönnum að handan)
Von der großen Sehnsucht (Af þránni miklu)
Von den Freuden und Leidenschaften (Af gleði og ástríðum)
Das Grablied (Útfararsálmur)
Von der Wissenschaft (Af vísindum)
Der Genesende (Batasjúklingurinn)
Das Tanzlied (Danslag)
Nachtwandlerlied (Söngur svefngengilsins)



DAVID DANZMAYR

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

David Danzmayr er Austurríkismaður og er í hópi evrópskra hljómveitarstjóra í fremstu röð. Hann stundaði nám í píanóleik og hljómveitarstjórn við Mozarteum tónlistarháskólann í Salzburg og útskrifaðist þaðan með láði. Hann hlaut síðar styrk Gustav Mahler-æskuhljómveitarinnar til náms hjá Claudio Abbado og Pierre Boulez og nam einnig hjá Leif Segerstam við Sibeliusarakademíuna í Helsinki. Danzmayr sótti sér frekari reynslu sem aðstoðarhljómveitarstjóri hjá Neeme Järvi, Andrew Davis og Pierre Boulez í Vínarborg og hjá Dennis Russell Davies í New York. Danzmayr vann til verðlauna í alþjóðlegu hljómveitarstjórakeppninni sem kennd er við rússneska hljómveitarstjórnann Nikolai Malko og komst einnig í úrslit í Georg Solti-keppninni í Chicago.

Danzmayr tók nýverið við stöðu aðalstjórnanda Fílharmoníu-hljómveitinnar í Zagreb í Króatíu. Meðal verkefna sem bíða hans þar eru nýárstónleikar í Festspielhaus í Salzburg og tónleikaferð til Ítalíu. Hann er einnig aðalstjórnandi ProMusica-kammersveitarinnar í Columbus (Ohio) og tónlistarráðunautur Breckenridgetónlistarhátíðarinnar í Colorado. Danzmayr var um þriggja ára skeið aðstoðarhljómveitarstjóri Royal Scottish National Orchestra í Glasgow og stjórnaði hljómveitinni á tímabilinu oft en 70 sinnum víða um Skotland, m.a. á hinni þekktu St. Magnus-tónlistarhátíð á Orkneyjum. Hann hefur síðan verið fastur gestastjórnandi hljómveitarinnar auk þess að stjórna mörgum öðrum þekktum hljómveitum, þar á meðal City of Birmingham Symphony Orchestra, Sinfóníuhljómveitinni í Basel, Mozarteumhljómveitinni í Salzburg, hljómveit Skosku óperunnar og Bruckner Orchester Linz. David Danzmayr hefur lagt mikla rækt við tónlist 21. aldarinnar og er tónlistarstjóri tónlistarhópsins Ensemble Acrobat í Salzburg og fastur gestastjórnandi hins austurríska Ensemble für neue Musik.



[@albanello](#)

ALBAN GERHARDT

EINLEIKARI

Alban Gerhardt er fæddur inn í mikla tónlistarfjölskyldu. Móðir hans var sópransöngkona og faðir hans, Axel Gerhardt, lék á fiðlu með Fílharmóníuhljómsveit Berlínar í meira en 40 ár. Sjálfur hóf Alban sellónám átta ára gamall og meðal kennarar hans voru tveir meðlimir Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Berlín, Marion Vetter og Götz Teutsch, auk þess sem hann sótti tíma hjá Boris Pergamenschikov. Gerhardt lék í fyrsta sinn með Berlínarfílharmóníunni árið 1991 og hreppti um svipað leyti fyrstu verðlaun í Þýsku tónlistarkeppninni í Bonn, ARD-keppninni, og Leonard Rose-keppninni.

Gerhardt hefur komið fram með fjölda virtra hljómsveita, til dæmis Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam, Fílharmóníuhljómsveit Lundúna, og hljómsveitunum í Cleveland, Chicago og Philadelphiu með stjórnendum á borð við Kurt Masur, Christoph von Dohnányi, Christian Thielemann, Esa-Pekka Salonen, Vladimir Jurowski, Kirill Petrenko og Andris Nelsons. Hann frumflutti sellókonsert eftir Unsuk Chin á Proms-tónlistarhátíðinni árið 2009 og hljóðritaði verkið í kjölfarið fyrir Deutsche Grammophon. Hann hefur einnig starfað náið með öðrum tónskáldum, t.d. Brett Dean, Jörg Widmann og Matthias Pintscher. Gerhardt hefur unnið til þriggja ECHO Klassik-verðlauna auk þess sem hljóðritun hans á sellókonserti Unsuk Chin vann BBC Music Magazine-verðlaunin 2015 og var tilnefnd til Gramophone-verðlaunanna. Hann hefur hljóðritað fjölda geisladiska fyrir Hyperion og Chandos.

Meðal hápunkta þessa starfsárs eru frumflutningur á nýjum sellókonsert eftir Brett Dean með Sinfóníuhljómsveitinni í Sidney og síðar með Fílharmóníuhljómsveit Berlínar auk tónleika í Konzerthaus í Berlín og Wigmore Hall í Lundúnum.

Alban Gerhardt leikur á selló eftir feneyska fiðlu- og sellósmiðinn Matteo Goffriller, smíðað árið 1710.

UM EINLEIKARANN

Ásamt því að leika með Sinfóníuhljómsveitinni nú í vikunni hefur Alban Gerhardt haldið námskeið fyrir tónlistarnema og kynnt tónlist í tali og tónum í stofnunum víðs vegar um Reykjavík.



GRAŻYNA BACEWICZ

FORLEIKUR FYRIR HLJÓMSVEIT

Grażyna Bacewicz (1909–1969) var eitt mesta tónskáld Póllands um miðja 20. öld og fyrsta pólska konan sem vakti athygli á heimsvísu fyrir tónsmíðar sínar. Bacewicz hóf hljóðfæranám hjá föður sínum og vakti mikla eftirtekt fyrir gáfur sínar; hún hélt sína fyrstu tónleika sjö ára og samdi sitt fyrsta tónverk 13 ára gömul. Árið 1928 hóf hún nám við Tónlistarháskólann í Varsjá þar sem hún lærði fiðlu- og píanóleik auk tónsmíða. Hún lærði einnig í París á árunum 1932–34, tónsmíðar hjá Nadiu Boulanger og fiðluleik hjá Carl Flesch. Hún var konsertmeistari Pólsku útvarpshljómsveitarinnar um skeið, og prófessor í tónsmíðum við Tónlistarháskólann í Lodz. Síðar var hún meðal stofnenda tónlistarhátíðarinnar Haust í Varsjá, gegndi stöðu varaforseta Pólska tónskáldasambandsins, var prófessor í tónsmíðum við Tónlistarháskólann í Varsjá og sat í dómnefndum virtra tónlistarkeppna víða um lönd, til dæmis Tsjajkovskíj-keppninnar í Moskvu árið 1958.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fyrsta sinn sem Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur verk eftir Bacewicz. Tónlist hennar hefur þó hljómað áður hér á landi. Meðal annars lék Guðný Guðmundsdóttir kaprísu fyrir fiðlu á Listahátíð kvenna í Norræna húsinu árið 1985, og Hlíf Sigurjónsdóttir lék sama verk í Listasafni Sigurjóns árið 1989. Ári síðar flutti Hlíf ásamt Gunhild Imhof-Hölscher annað verk eftir Bacewicz, Svítu fyrir tvær fiðlur, einnig í Listasafni Sigurjóns. Þess má geta að Elblag-kammersveitin frá Póllandi heldur tónleika á Myrkum músikdögum 25. janúar næstkomandi og þar verður m.a. fluttur Konsert fyrir strengjasveit eftir Bacewicz.

Bacewicz samdi verk af ýmsum toga, meðal annars sjö fiðlu-konserta, fimm sönötur fyrir fiðlu og píanó, sjö strengja-kvartetta og fjórar sinfóníur. Meðal kunnustu verka hennar er *Konsert fyrir strengjasveit* frá árinu 1950, þar sem hún gefur gömlum formum barokksins nýjan og spennandi blæ. Tónmál hennar er nýklassískt, einkennist af hrynrænni snerpu og í því má greina áhrif kennarans Boulanger, sem og pólska tónskáldsins Szymanowskis. Síðar á ævinni urðu verk Bacewicz tilraunakenndari; hún samdi undir tólf tónahætti og notaði slembitækni í nokkrum verka sinna með eftirtektarverðum árangri.

Tónverk Bacewicz hafa ávallt verið í heiðri höfð í Póllandi en á undanförunum árum hefur orðið nokkur vakning í öðrum löndum og er það ekki síst að þakka pólska píanistanum Krystian Zimerman sem hefur hljóðritað verk hennar fyrir Deutsche Grammophon. Forleikurinn sem hljómar í kvöld er saminn árið 1943, mitt í hörmungum heimsstyrjaldarinnar síðari og ári eftir að Bacewicz fæddi einkadóttur sína. Einþáttungurinn einkennist af rytmískri snerpu en um miðbikið hljómar ljóðrænni kafla þar sem tíminn virðist standa í stað eitt augnablik áður en allt fer aftur á flug.



DMÍTRÍJ SHOSTAKOVITSJ

SELLÓKONSERT NR. 1

Sellósnillingurinn Mstislav Rostropovitsj var víðfrægur ekki aðeins fyrir leik sinn heldur einnig fyrir það hversu fljótur hann var að læra nýja tónlist. Ekki veitti af, því að hann pantaði og frumflutti hundruð verka á sínum langa ferli og lék nýja sellókonserta langt fram á áttæðisaldur. Sjaldan tók hann þó á honum stóra sínum eins og haustið 1959 þegar Dmítríj Shostakovitsj (1906–1975) hafði samið fyrir hann sinn fyrsta sellókonsert. Rostropovitsj fékk nóturnar afhentar 2. ágúst, lærði verkið utanað á fjórum dögum og lék það að svo búnu fyrir tónskáldið með píanói. Opinber frumflutningur fór svo fram í Leníngrad tveimur mánuðum síðar. Þar með hafði draumur sovéska sellósnillingsins loksins ræst; Rostropovitsj hafði í fjölda ára óskað sér þess að Shostakovitsj semdi handa sér konsert.

Árið 1959 var Nikita Krústsjov, aðalritari kommúnistaflokksins, tekinn að bæta fyrir þær svívirðingar sem dunið höfðu á sovéskum tónskáldum á Stalínstímanum. Þó er ekki að sjá mikla breytingu á tónlistinni sem Shostakovitsj samdi frá því sem áður var. Fyrri sellókonsert hans – sá síðari fylgdi í kjölfarið árið 1966 – einkennist af blöndu trega, ógnar og kaldhæðni rétt eins og mörg eldri verk hans. Fyrsti þáttur er byggður á stafi sem heyrst strax í upphafi, kraftmikið og spennuþrungnið. Stefið minnir á annað fjögurra tóna stef, D-S-C-H, sem Shostakovitsj notaði margoft í verkum sínum sem eins konar undirskrift í tónum, enda er stafina að finna í nafni hans eins og það er skrifað upp á þýsku. Einleikshorn fær stórt hlutverk og sama má segja um síðari kaflana, dúettar horns og sellós eru meðal þess eftirminnilegasta sem fyrir eyru ber í þessu verki.

Annar þáttur er hægur og blandinn trega. Sellóið vísar til rússneskrar þjóðvísu og einnig má greina endurminningu um fjögurra tóna stefið úr fyrsta kafla. Shostakovitsj byggir upp magnþrunginn hápunkt sem minnir á sterkar ástríðurnar í óperunni *Lafði Makbeð frá Mtsensk*, en skyndilega breytir tónlistin um svip og sellóið og selestan taka höndum saman í töfrandi yfirtónaleik. Þriðji þáttur er löng einleikskadensa, íhugul í fyrstu en fær síðan ákvednari blæ og leiðir beint inn í lokakaflann sem er hraður dans. Stutt hending sem strengir og blásarar þeyta á milli sín er sótt í georgíska þjóðlagið *Suliko*, sem var uppáhaldssöngur Stalíns. Rostropovitsj minntist þess að hann hefði sjálfur ekki tekið eftir þessu óvanta bergmáli fyrr en tónskáldið sjálft benti honum á það og brosti kankvíslega. Kolsvartri kímningáfunni varð Shostakovitsj að halda rétt undir yfirborðinu ef ekki átti illa að fara.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fyrsti sellókonsert

Shostakovitsj hefur sex sinnum

áður hljómað í flutningi

Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Fyrstur til að leika konsertinn

hér á landi var Erling Blöndal

Bengtsson árið 1963 en síðan

hafa flutt konsertinn Hafliði

Hallgrímsson (1972), Frans

Helmerson (1992), Bryndís

Halla Gylfadóttir (2000),

Gyða Valtýsdóttir (2004) og

Natalia Gutman (2009). Einnig

lék Hjörtur Páll Eggertsson

konsertinn á tónleikum með

Hljómsveit Tónlistarskólans í

Reykjavík árið 2017.



RICHARD STRAUSS

SVO MÆLTI ZARAPÚSTRA

Richard Strauss (1864–1949) var undrabarn í tónlist; hann var tíu ára gamall þegar fyrstu tónsmíðar hans birtust á prenti og átti farsælan feril sem hljómsveitarstjóri á sínum yngri árum. Þar naut hann ekki síst stuðnings Hans von Bülow, sem gerði hann að aðstoðarstjórnanda sínum við hirðhljómsveitina í Meiningen. Hljómsveitin var víðfræg fyrir snarpan og nákvæman flutning og af dvölinni þar lærði Strauss fjölmargt um eiginleika og litbrigði símfóníuhljómsveitar. Bülow hafði áður stjórnað frumflutningi á *Tristan og Ísold* Wagners og í kjölfarið misst eiginkonu sína, Cosimu dóttur Franz Liszts, í faðm Wagners fyrir fullt og allt.

Strauss hóf feril sinn sem fullþroska tónskáld með óperunni *Guntram*, sem er mjög undir áhrifum Wagners og hlaut misjafnar viðtökur. Hann lagði óperusmíði á hilluna um stundarsakir en tók til við að semja runu tónaljóða sem eru hvert öðru glæsilegra: *Don Juan*, *Don Kikóti*, *Till Eulenspiegel*, *Heiðulif*, *Alpasinfónían* og þannig mætti áfram telja. *Svo mælti Zarapústra* var hið fimmta í röðinni, samið árið 1896 og frumflutt í Frankfurt í nóvember sama ár. Eftir lokaæfinguna skrifaði Strauss eiginkonu sinni upprifinn: „*Zarapústra* er dásamlegt verk – langmikilvægasta tónsmíð mín til þessa, hin fullkonnasta í formi, sú dýpsta hvað innihaldið snertir. Ég er hæstánægður og þykir aðeins leitt að þú skulir ekki geta heyrt verkið. Hápunktarnir eru stórfenglegir, og útsetningin! Útsetningin er gallalaus – og tónleikasalurinn hjálpar líka til.“

Strauss var á þrítugsaldri þegar hann tók að drekka í sig hugmyndir Friedrichs Nietzsche, ekki síst hið nýútgefna rit *Svo mælti Zarapústra* sem birtist fyrst í heild árið 1892. Margir hristu höfuðið yfir þeirri nýstárlegu umgjörð sem Nietzsche valdi hugmyndum sínum, þar sem saman fara listrænt skáldskaparform og heimspekilegar hugleiðingar. Í inngangi sínum að íslensku þýðingu Jóns Árna Jónssonar að verkinu (útg. 1996) segir Sigríður Þorgeirsdóttir að líta megi á verk Nietzsche sem eins konar lærdómskvæði. Persneski spámaðurinn Zarapústra var uppi á 6. öld fyrir Krists burð, en Nietzsche notar hann aðeins sem málþípu fyrir eigin hugmyndir, í 80 stuttum köflum sem lýsa skoðunum spámannsins á ýmsum málefnum.

Strauss tók yfirskriftir átta kafla úr *Zarapústra* í tónsmíð sína sem hann gaf undirtitilinn „frei nach Friedrich Nietzsche“, frjálst eftir Nietzsche. Um ætlun sína með verkinu sagði hann:

„Ég vildi tjá í tónlist hugmyndina um þróun mannkyns allt frá upphafi, gegnum hin ýmsu þróunarferli, trúarleg og vísindaleg, allt fram að hugmynd Nietzsches um ofurmennið.“ Þótt ofurmennisdraumar heimspekingsins hafi beðið skipbrot á 20. öld verður ekki hið sama sagt um tónsmíð Strauss, sem hafði öðlast sinn fasta sess á verkaskrá hljómsveita um allan heim löngu áður en Stanley Kubrick notaði innganginn í upphafsatriði kvikmyndarinnar *2001: A Space Odyssey*.

Mikilfenglegir upphafstaktarnir eru hylling spámansins til hinnar rísandi sólar. Fyrstu þrjár tónarnir snúa aftur hvað eftir annað; þeir tákna náttúruna, óspillta og kraftmikla. Þessu stefi teflir Strauss gegn öðru dekkra (í h-moll) sem tákna mannkynið. Það hljómar fyrst í sellóum og kontrabössum skömmu eftir að inngangurinn deyr út.

Því næst lýsir Strauss hinum trúuðu „handanheims mönnum“ eða „veikburða mannkyni sem þráir Guð“. Tónskáldið átti það sameiginlegt með heimspekingnum að taka lítið mark á kristinni trú. Hér notar hann með kankvísu hætti gömul stef úr kaþólskum kirkjusöng; í nóturnar skrifar hann hefðbundna latínutextann sem fylgir hendingunum: *Credo in unum Deum*, og *Magnificat*. Ýmsir hafa raunar bent á að hér sé tilfinningaþrungin tónlistin svo áhrifamikil að kaldhæðni tónskáldsins missi jafnvel marks.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur þrisvar sinnum áður flutt Svo mælti Zarabústra í heild, árið 1986 undir stjórn Militades Caridis, árið 1996 undir stjórn Thomasar Dausgård og loks undir stjórn Stefans Solyom árið 2011.

Í kjölfarið fylgja ástríðuþrungnir kaflar þar sem megin-tóntegundir verksins – C-dúr og h-moll – eiga í stöðugum árekstrum. Í þættinum „Um vísindin“ hljómar akademísk fúga þar sem hvert hljóðfærið af öðru spreytir sig á tólf tóna stefi þar sem stefjum náttúru og mannkyns er fléttað saman í eitt. Í næstsíðasta kaflanum, Dansljóðinu, hljóma glöðværar valsahendingar. „Ég myndi eingöngu trú á Guð sem kynni að dansa“, segir Zarabústra á einum stað. Hápunkti er náð þegar klukkurnar hringja inn miðnætti. Lokahendingarnar virðast gefa til kynna að mannkynið hafi náð yfirhöndinni, sigrast á náttúrunni í eitt skipti fyrir öll. Í lokatöktunum hljómar þó í sellóum og kontrabössum tónn sem ekki á þar beinlínis heima, og minnir hlustendur á hið gagnstæða – að ekki er öll von úti og að hugsanlega á náttúran sér enn viðreisnar von.

Árni Heimir Ingólfsson

Á DÖFINNI

FIM 25 JAN 17:30



UNGSVEITIN Á MYRKUM

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur tekið þátt í Myrkum músíkdögum allt frá því að hátíðin var haldin í fyrsta sinn árið 1980. Ungsveitin í samvinnu við Listaháskólann tekur nú þátt í hátíðinni í fyrsta sinn og flytur *Síla: The Breath of the World* í forsölum Hörpu fimmtudaginn 25. janúar. „Þetta er tónlist sem andar“ segir tónskáldið John Luther Adams; hver og einn flytjandi er einleikari sem flytur sína rödd á þeim hraða sem viðkomandi þykir fara best. Aðgangur er ókeypis.

FIM 25 JAN 19:30



SÆUNN OG VÍKINGUR

Fimmtudagskvöldið 25. janúar verður íslensk samtímatónlist í brennidepli þar sem Sæunn Þorsteinsdóttir leikur selló-konsert Páls Ragnars Pálssonar og Víkingur Heiðar Ólafsson leikur Píanókonsert nr. 2 eftir Hauk Tómasson. Á tónleikunum verða einnig flutt verkin *Drifts* eftir Sebastian Fagerlund, *Adagio* eftir Magnús Blöndal Jóhannsson og *Í sjöunda himni* eftir Hauk Tómasson. Stjórnandi tónleikanna er Daníel Bjarnason.

FOS 26 JAN 12:00



YRKJA

Yrkja er samstarfsverkefni Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og ýmissa tónlistarstofnana og tónlistarhópa. Verkefnið miðar að því að búa tónskáld undir starf í faglegu umhverfi hjá hljómsveitum, hátíðum og öðrum listastofnunum. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur tvö undanfarin starfsár tekið þátt í Yrkju og þannig gefið ungum tónskáldum tækifæri til að kynna hljómsveitinni í návígi. Á uppskerutónleikum Yrkju, næstkomandi föstudag, verða frumflutt tvö ný verk: *Akvocirkulado* eftir Gísla Magnússon og *Ríft* eftir Veronique Vöku Jacques. Daníel Bjarnason hefur veg og vanda af verkefninu. Hann leiðir vinnustofur með tónskáldunum og stjórnar auk þess tónleikunum þar sem verkin hljóma fullmótuð. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Á DÖFINNI

FIM 01 FEB 19:30



PÍANÓKONSERTAR BEETHOVENS III

Píanósningurinn Paul Lewis er einn helsti Beethoven-túlkandi samtímans og lokar nú Beethovenhringnum með þriðju heimsókn sinni til Íslands á skömmum tíma.

Á efnisskránni eru verk eftir Mozart og Beethoven, síðustu verk þeirra í greinum píanókonserts annars vegar og sínfóníu hins vegar. *Keisarakonsert* Beethovens er stórfengleg tónsmíð enda nafngiftin komin til af því að hann þótti „keisari konsertanna“. *Júpíter-sínfónía* Mozarts var sú síðasta sem hann samdi.

Verkið er allt hið glæsilegasta og þykir til marks um einstaka tónsmíðakunnáttu hans. Breski stjórnandinn Matthew Halls er orðinn íslenskum tónleikagestum að góðu kunnur og hefur náð frábærum árangri með hljómsveitinni.

SUN 04 FEB 17:00



PAUL LEWIS EINLEIKSTÓNLEIKAR Í NORÐURLJÓSUM

Paul Lewis er einn fremsti píanisti samtímans og það er sannkallað fagnaðarefni að hann haldi einleikstónleika í Norðurljósum í heimsókn sinni til Íslands. Á tónleikunum leikur hann verk eftir þrjá meistarar tónlistarinnar í Vínarborg á 18. og 19. öld – Haydn, Beethoven og Brahms – og eru þeir liður í viðamiklu tónleikahaldi hans um allan heim á næsta ári þar sem hann leikur verk þessara þriggja meistarara m.a. í Lundúnum, Brussel, Flórens, Tókýó, Melbourne og Vancouver.

Um efnisskrána segir Lewis sjálfur: „Píanósónötur Haydns hafa að geyma margt af því frumlegasta og skemmtilegasta í gjörvöllum píanóbókmenntunum. Það eru ekki mörg tónskáld sem geta fengið áheyrendur til að skella upp úr en Haydn er eitt þeirra, kemur sífellt á óvart í tónlist sinni. Brahms blandar í verkum sínum saman villtri ástríðu og fullkominni fagmennsku tónsmíðameistarans; honum tekst í tónlistinni að gefa jafnvel hamslausri tilfinningu yfirvegaðan blæ. Bagatellur Beethovens eru brú milli þessara tveggja heima; í sumum þeirra má greina kímnið Haydns en í öðrum heyrir fyrirboði þeirrar rómantíkur sem einkennir Brahms.“

Á DÖFINNI

SUN 18 MAR 19:30

GESTAHLJÓMSVEIT GAUTABORGARSINFÓNÍAN Á ÍSLANDI



Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt tónleika í Gautaborg í apríl síðastliðnum við dágóðar undirtektir. Nú er komið að Gautaborgarsinfóníunni að endurgjalda greiðann og leika fyrir Íslendinga. Áskrifendur Sinfóníuhljómsveitar Íslands geta tryggt sér miða á tónleikana sem viðbót við áskriftarraðir sínar á hefðbundnu áskriftarverði.



©Mat Hennek

Einleikari er hin franska Hélène Grimaud sem hefur um áratuga skeið verið í hópi fremstu píanista heims. Hún hefur hljóðritað fyrir Deutsche Grammophon og hlotið öll helstu verðlaun klassíska tónlistarheimsins. Á tónleikunum leikur Grimaud hinn undurfagra píanókonsert nr. 4 eftir Beethoven en einnig hljóma tvö meistarverk frá því um aldamótin 1900, valsaskotin svíta úr óperunni *Der Rosenkavalier* eftir Strauss og glæsileg frumraun Sibeliusar í sinfóníusmíðum.

Hljómsveitarstjóri er hinn finnski Santtu-Matias Rouvali, einn eftirsóttasti ungi stjórnandi heims um þessar mundir. Hann hefur tvívegis stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands með frábærum árangri og tekur við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar í Gautaborg haustið 2017.



HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

18. JANÚAR 2018

1. FIDLA

Nicola Lolli
Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Pascal La Rosa
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Lin Wei
Justyna Bidler

2. FIDLA

Joaquín Páll Palomares
Roland Hartwell
Þóris Stross
Christian Diethard
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Kristján Matthíasson
Freyja N. M. Franzen
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Herdís Anna Jónsdóttir
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir

Guðrún Hrund Harðardóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Ásdís Hildur Runólfssdóttir
Vigdís Másdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Júlía Mogensen
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Lovísa Fjeldsted
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Helga Björg Ágústsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Jacek Karwan
Tom Neil

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Björg Brjánsdóttir
Hafdis Vigfúsdóttir

ÓBÓ

Martin Danek
Egils Upatnieks
Daniel Bogorad
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Helga Björg Arnadóttir
Baldvín Tryggvason

FAGOTT

Michael Kaulartz
Bryndís Þórsdóttir
Kristín Mjöll Jakbosdóttir
László Kerekes

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin
Saul Lewis
Rachelle Jenkins

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Baldvín Oddsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron
Sergio Carolino

HARPA

Katie Buckley
Elisabet Waage

CELESTA / ORGEL

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Pétur Grétarsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómssveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osma Vänskä *heiðursstjórnandi*

Arna Kristín Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gisli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

Sigrún: Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphia.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

BÍÓTÓNLEIKAR
26. OG 27. APRÍL 2018

AMADEUS AMADEUS

Nú gefst einstakt tækifæri til að upplifa kvikmyndina Amadeus sem sýnd verður í Eldborg og stórfenglega tónlist Mozarts í lifandi flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Mótettukórs Hallgrímskirkju. Ekki missa af þessum stórbrotna viðburði!

MIÐASALA HAFIN SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA